



SAMTÖKIN '78
FÉLAG LESBÍA OG
HOMMA Á ÍSLANDI

Alþingi

Erindi nr. D/121 / 683

kon.udagur 7 / 1997

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingis.


Reykjavík, 6. jan. 1997.

Umsögn um "Frumvarp til sóttvarnalaga" lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi
1996.

Samtökin '78 gáfu umsögn um samnefnt frumvarp fyrir 120. löggjafarþing.
Samtökin hafa í umsögnum sínum um 14. og 15. gr. frumvarpsins lagt ríka áherslu á
mikilvægi þess að réttarstaða hins kærða sé tryggð og hafa breytingar þær sem gerðar
hafa verið á frumvarpinu m.a. miðað í þá átt. Ekki er þó ljóst við lestur frumvarpsins
hvað telst nægjanlegt refsivert athæfi til þess að dómari úrskurði um 15 daga
einangrun þess kærða og hvergi fjallað um ábyrgð þess ósmitaða á sjálfum sér.
Hvernig á við uppkvaðningu úrskurðar um einangrun að skilgreina og meta
sameiginlega ábyrgð okkar og áður nefnda ábyrgð sem við hljótum að bera á að vernda
eigið líf. Ljóst er að hér er um vandasaman hlut að ræða og m.a. vegna þessa telja
Samtökin '78 að réttaröryggis þess kærða sé ekki nægjanlega gætt með einum dómara.

Í þessu sambandi itreka samtökin fyrri ábendingar um mikilvægi forvarna og fræðslu.
En án þeirra verða ekki þær viðhorfsbreytingar í íslensku samfélagi, sem þörf er á til
að stöðva framgang smitsjúkdóma, en í því sambandi má nefna alnæmi. En um þessi
mál er litið fjallað í frumvarpinu. En þau hljóta þó að teljast til almennra
sóttvarnaráðstafanna þegar er rætt um hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

Með vinsemd og virðingu,
Samtökin '78.


Percy B. Stefánsson.

LINDARGATA 49
PÓSTHÓLF 1262
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 8539
BRÉFSÍMI 552 7525

LÝÐRÉTTINDI FYRIR LESBÍUR OG HOMMA